

[Til baka](#)

[Prenta](#)

Bæjarráð Mosfellsbæjar - 1389

**Haldinn 2. hæð Helgafell,
07.03.2019 og hófst hann kl. 07:35**

Fundinn sátu: Ásgeir Sveinsson (ÁS) formaður,
Kolbrún G Þorsteinsdóttir (KGP) varaformaður,
Sveinn Óskar Sigurðsson (SÓS) aðalmaður,
Bjarki Bjarnason (BBj) áheyrnarfulltrúi,
Valdimar Birgisson (VBi) áheyrnarfulltrúi,
Haraldur Sverrisson bæjarstjóri, Heiðar Örn Stefánsson embættismaður.

Fundargerð ritaði: Heiðar Örn Stefánsson, lögmaður Mosfellsbæjar

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 201711009 - Umsókn um stofnframlag 2017

Frestað frá síðasta fundi. Synjun Íbúðalánasjóðs á stofnframlagi

Erindið lagt fram og rætt á 1389. fundi bæjarráðs.

[Mosfellsbær - Stofnframlög - umsókn nr. 1808433](#)

[Synjun Íbúðalánasjóðs](#)

2. 201902294 - Tillöga til þingsályktunar um velferðartækni - beiðni um umsögn

Frestað frá síðasta fundi. Tillöga til þingsályktunar um velferðartækni - beiðni um umsögn fyrir 14. mars

Samþykkt með 3 atkvæðum 1389. fundar bæjarráðs að vísa málinu til umsagnar framkvæmdastjóra fjölskyldusviðs sem skili umsögn til bæjarráðs.

[Frá nefndasviði Alþingis - 296. mál til umsagnar](#)

[Tillöga til þingsályktunar um velferðartækni - beiðni um umsögn fyrir 14. mars](#)

3. 201902299 - Frumvarp til laga um rétt barna sem aðstandendur

Frestað frá síðasta fundi.

Frumvarp til laga um rétt barna sem aðstandendur - beiðni um umsögn fyrir 14. mars

Samþykkt með 3 atkvæðum 1389. fundar bæjarráðs að vísa málinu til umsagnar framkvæmdastjóra fjölskyldusviðs sem skili umsögn til bæjarráðs.

[Til umsagnar 255. mál frá nefndasviði Alþingis](#)

[Frumvarp til laga um rétt barna sem aðstandendur - beiðni um umsögn fyrir 14. mars](#)

4. 201902393 - Öflun gagna vegna fjármála og reksturs Golfklúbbs Mosfellsbæjar (GM)

Frestað frá síðasta fundi. Tillaga Miðflokks um öflun gagna vegna fjármála og reksturs GM

Bókun fulltrúa D- og V- lista í bæjarráði Mosfellsbæjar:

Í 20. gr. samþykktar um stjórn Mosfellsbæjar setti bæjarstjórn samkvæmt fyrirmælum í 2. mgr. 28. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 nánari reglur um aðgengi kjörinna fulltrúa að gögnum í vörslum bæjarins. Í 2. mgr. 20. gr. samþykktar um stjórn Mosfellsbæjar kemur orðrétt fram að óski bæjarfulltrúi upplýsinga sem fela það í sér að taka þurfi saman gögn skuli hann snúa sér til bæjarstjóra með slíka ósk sem skal þá verða við beiðninni svo fljótt sem unnt er. Málshefjanda á að vera kunnugt um efni samþykktar um stjórn Mosfellsbæjar og var þar fyrir utan sérstaklega leiðbeint um þetta ákvæði í aðdraganda fundar en hefur engu að síður kosið að setja málið í rangan farveg með því að leggja það fyrir bæjarráð til afgreiðslu.

Tillaga fulltrúa D- og V- lista í bæjarráði Mosfellsbæjar:

Málinu er vísað frá þar sem það er ekki bæjarráðs að fara með það. Samþykkt með 2 atkvæðum gegn 1 atkvæði fulltrúa M- lista.

Bókun fulltrúa M- lista í bæjarráði Mosfellsbæjar:

Fulltrúi Miðflokksins lagði fram tillögu til afgreiðslu og öflun gagna vegna fjármála Golfklúbbs Mosfellsbæjar en meirihlutinn treystir sér engan vegin til að afgreiða slíka tillögu. Þrátt fyrir ákvæði um reglur Mosfellsbæjar um öflun gagna og aðgang að þeim er ávallt hægt að leggja fram tillögu í bæjarráði, sem fer með framkvæmda- og fjármálastjórn bæjarins, þess efnis að vinna verk og afla gagna sem þá allir geti tekið afstöðu í máli er varðar háar fjárhæðir. Lagði meirihluti bæjarráðs til málsmeðferðartillögu um að bæjarfulltrúi Miðflokksins færi aðra leið í öflun gagna en að kalla eftir þeim með samþykki á tillögu í bæjarráði Mosfellsbæjar. Það er rangt að aðeins ein leið sé fær, en meirihlutinn telur sér henta til að tefja framgang málsins, að afla gagna eða afgreiða tillögur bæjarráðsmanna. Meirihlutinn hefur hér forðast að taka afstöðu í framkvæmdastjórn bæjarins, þ.e. í bæjarráði, um öflun gagna þar sem um er að ræða áformuð útgjöld um milljóna tugi.

Bókun fulltrúa D- og V- lista í bæjarráði:

Málshefjanda er kunnugt um efni samþykktar um stjórn Mosfellsbæjar og var þar fyrir utan sérstaklega leiðbeint um þetta ákvæði í aðdraganda fundar en kaus engu að síður að setja málið í rangan farveg með því að leggja það fyrir bæjarráð til afgreiðslu. Málinu var því er vísað frá þar sem það er ekki bæjarráðs að fara með það. Málshefjandi væri búin að fá svör við spurningum sínum ef hann hefði farið eftir verklagsreglum samþykktum af bæjarstjórn Mosfellsbæjar.

5. 201903003 - Frumvarp til laga um hollustuhætti og mengunarvarnir - beiðni um umsögn

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir yður til umsagnar frumvarp til laga um hollustuhætti og mengunarvarnir o.fl. (stjórnvaldssektir o.fl.), 542. mál.

Samþykkt með 3 atkvæðum 1389. fundar bæjarráðs að visa erindinu til umsagnar og afgreiðslu Heilbrigðisnefndar Kjósasvæðis.

[Til umsagnar 542. mál frá nefndasviði Alþingis](#)

6. 201903004 - Ný gjaldskrá fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit

Meðfylgjandi erindi um nýja gjaldskrá fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit er sent frá heilbrigðisnefnd til umfjöllunar í sveitarstjórnnum. Upphæð gjalda er í samræmi við samþykka fjárhagsáætlun.

Bæjarráð samþykkir nýja gjaldskrá fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit fyrir sitt leyti með 2 atkvæðum. Fulltrúi M- lista situr hjá.

[Gjaldskrá 2019.pdf](#)

[Mosfellsbær gjaldskrá.pdf](#)

[Ný gjaldskrá fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit](#)

7. 201903029 - Íbúasamráðsverkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga og Akureyrar

Boð um að sækja um þátttöku í íbúasamráðsverkefni Samb. ísl. sveitarfélaga og Akureyrar - kynningarfundur 13. mars og skilafrestur umsóknar 30. apríl

Samþykkt með 3 atkvæðum bæjarráðs á 1389. fundi að visa málinu til Lýðræðis- og mannréttindanefndar.

[Bakgrunnur verkefnis](#)

[Umsókn um íbúalýðræðisverkefni sambandsins og Akureyrar.docx](#)

[Íbúasamráðsverkefni sambandsins og Akureyrar](#)

[Íbúasamráðsverkefni](#)

8. 201902107 - Hlaðgerðarkot - ósk um afmörkun lóðar

Hlaðgerðarkot - ósk um afmörkun lóðar

Samþykkt með 3 atkvæðum 1389. fundar bæjarráðs að visa erindinu til umsagnar byggingarfulltrúa.

[Hlaðgerðarkot - ósk um afmörkun lóðar](#)

9. 201902275 - Uppsetning öryggismyndavéla í Mosfellsbæ

Lögð er fyrir bæjarráð tillaga um öryggismyndavélar í Mosfellsbæ

Samþykkt með 3 atkvæðum á 1389. fundi bæjarráðs að heimila framkvæmdastjóra Umhverfissviðs að ganga frá meðfylgjandi samkomulagi og að heimila áframhaldandi undirbúning málsins með staðsetningu heimæða og undirstaðna fyrir myndavélamöstur. Heimild til undirritunar samkomulags er háð því að Lögreglan á Höfuðborgarsvæðinu verði ábyrgðaraðili við alla öflun og vinnslu persónuupplýsinga og muni ennfremur taka að sér að taka á móti öllum beiðnum um aðgang að myndefni og afgreiða þær í samræmi við persónuverndarlög.

Bæjarráð fagnar því að áform séu uppi um að koma fyrir fleiri öryggismyndavélum í Mosfellsbæ sem stefnt er að á næstu misserum. Slíkt fyrirkomulag, í samráði við lögreglu, getur aðeins aukið öryggi.

10. 201902406 - Kæra vegna útgáfu byggingaleyfis í Leirutanga 10

Meðfylgjandi er afrit stjórnslukæru, móttækin 26. febrúar 2019 ásamt fylgigögnum, þar sem kærð er ákvörðun byggingarfulltrúa Mosfellsbæjar frá 1. febrúar sl. um byggingarleyfi til eiganda hússins nr. 10 við Leirutanga í Mosfellsbæ.

Samþykkt með 3 atkvæðum 1389. fundar bæjarráðs að fela lögmanni Mosfellsbæjar að svara kærinni.

[Fylgiskjöl með kæru 14 2019.pdf](#)

[Kæran 14 2019.pdf](#)

[Tilkynning um stjórnslukæru 14/2019](#)

11. 201902069 - Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga

Umbeðið minnisblað persónuverndarfulltrúa lagt fram.

Lagt fram.

[Minnisblað persónuverndarfulltrúa](#)

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:03

[Til baka](#)

[Prenta](#)